

Fundur í stjórn foreldrafélags BES

12. Janúar 2008

Mættir voru:

Lóa Björk Óskarsdóttir

Sveinn Ásgeir Jónsson

Þóra Þorsteinsdóttir

Eggert Jóhannesson

Hildur Jónsdóttir

Fundur hefst 20:30

1. Uppgjör Jólaföndurs: Reikningar vegna útgjalda á Jólaföndri í desember gerðir upp. Innkoma var ca. 50 þúsund. Jólaföndur tókst mjög vel og foreldrafélaga ánægð með viðbrögð og þátttöku foreldra og barna. ☺
2. Námskeið fyrir eldri nemendur: Þóra hefur tekið að sér að undirbúa unglingakvöld þar sem foreldrar halda námskeið. Ætlunin er að eitt námskeið náist þegar í janúar en síðan að minnsta kosti eitt í mánuði, fram á vor. Þóra ætlar að hafa samband við tengla til að fá öll nöfn á þeim foreldrum sem áhuga höfðu á því að gera eitthvað. Þóra hefur einnig fengið vilyrði frá Sundlauginni á Stokkseyri til að halda sundlaugapartý fyrir eldri árganga skólans. Enn ekki komin nein dagsetning.
3. Leikrit fyrir yngri nemendur: Til greina kemur annað hvort Kardimonnubærinn eða leikrit sem verður sett upp á Selfossi. Lóa ætlar að athuga möguleika og stefnt verður að fara í Mars, Apríl. Væri betra ef sýningin væri í okkar nágrenni vegna rútukostnaðar.
4. Leiklistanámskeið: Það verður boðið upp á leiklistarnámskeið á Selfossi og því förum við ekki á stað með leiklistarnámskeið.
5. Skákennsla: Sveinn ætlar að hafa samband við Guðfríði Lilju eða skáksambandið og ath. hvort ekki sé hægt að fara fljótlega á stað með skáknámskeið.
6. Vordagar: Lóa ætlar að tala við Hörpu um þátttöku foreldrafélags og foreldra í vordögum skólans. Sveinn þekkir til töframanns sem gæti kannski mætt á svæðið og einhverja sem bjóða upp á stjörnuskoðun.
7. Annað: Sveinn kom upp með þá hugmynd að fara með krakka í fuglaskoðunarferð þegar það fer að vora. Flestir spenntir fyrir því.

Næsti fundur verður haldinn eftir sex vikur þá í kringum 23 febrúar.

Fundi slitið kl:21:00